

Þegar kröfugerð verður stefnuskráatriði

Hinn 19. janúar sl. birtist furðufrétt á mbl.is um að Sósíalístaflokkur Íslands hefði samþykkt að fella kröfugerð Starfsgreinasambandsins inn í málefnaþingflokkssins.

Nú er ekkert að því að styðja bæði SGS og þau félög, sem hafa leitað til sáttasemjara, í kjarabaráttunni. Alþýðufylkingin styður kröfugerðirnar í þeirri kjarabaráttu, sem nú geisar og kjarabaráttu launafólks almennt. Okkur dytti hins vegar aldrei í hug að gera einstaka kröfugerð í einni samningalotu að stefnuskráarmáli flokksins, enda höfum við mótað langtímastefnu í verkalýðsmálum, sem tekur mið af sósíalískum gildum. Þá má benda á að þó að einstök atriði í ákveðinni kröfugerð kunni að hafa langtímagildi, þá taka flest þeirra mið af því ástandi, sem uppi er í þjóðfélaginu þegar kröfugerðin er samín og kunna því að verða úrelt í næstu samningalotu.

Núverandi kjarabaráttu er að sönnu mikilvæg og brýnt að verkalýðsfélögin gefi lítið og helst ekkert eftir. Hún er samt sem áður aðeins lítill hluti af stéttabaráttunni á leiðinni til sósíalísmans. Að fella kröfugerð í einni samningalotu inn í stefnuskrá flokks er ekkert annað en kratismi og hentistefna. Neistar skora hér með á SÍ að gera betur en þetta.